



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Suðurlandsvegur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 7. júlí 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. júní 2022, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 29. júní 2022 á kynningu á lýsingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er um framkvæmd Vegagerðarinnar að ræða, sem telur þörf á breytingunni til að bæta öryggi og umferðarflæði. Þetta er viðkvæmt svæði sem er mikið notað til útivistar. Bættar hjóla- og gönguleiðir á svæðinu sem farið er í samhliða breytingunni eru þó einnig mikilvægar og mikilvægt að tryggja samfelldan göngu- og hjólastíg til Hveragerðis og Selfoss. Gæta þarf vel að mótvægisáðgerðum. Vatnsbúskapur Rauðavatns hefur verið mjög sveiflukenndur og mikilvægt að skoða hvort hægt sé að hafa jákvæð áhrif á þá stöðu eins og frumkönnun gefur til kynna.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Lögð fram af skipulagsyfirlöndum skipulagslýsing EFLU verkfræðistofu f.h. umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 4. maí 2022, um nýtt deiliskipulag Suðurlandsvegar, frá vegamótum við Bæjarháls að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá, veghelgunarsvæða hans og gatnamóta á þessari leið. Flokkur fólksins bendir á að mjög líklegt má telja að verði deilur um hvað á að víkja fyrir veginum, hluti skógarreits eða bensínstöð. Svo er athyglisvert að ekki er talað um minnkun á líffræðilegri fjölbreytni við það að leggja nýjar akbrautir og gróður skertur og það er ekki í samræmi við það sem sagt er þegar gróðurmagn er einhversstaðar aukið.

Helga Björk Laxdal

e.u.